



ÍSLENSK ÆTTLEIÐING  
ICELANDIC ADOPTION SOCIETY

TEL. +354-1-14280 • P.O. BOX 1377 • 121 REYKJAVÍK • ICELAND

## FRÉTTABRÉF.

2. september 1992

### Chandana Bose væntanleg til Íslands.

Um nokkurt skeið höfum við vitað að Chandana Bose væri á leið til Ameríku til fundar við samstarfsfólk sitt þar. Hún óskaði þess að hitta fulltrúa okkar þar ef mögulegt væri, en annars í London eða Svíþjóð. Stjórnin var fús til þess, en þá óskaði Chandana eftir að koma til Íslands. Það fannst okkur að mörgu leyti ákjósanlegt, því þá höfum við athygli hennar óskipta til funda og viðræðna, en einnig erum við mjög stolt af börnum okkar og viljum gjarnan sýna henni hve vel þau dafna hér. Við höfum frá upphafi vitað að Chandana vill hitta stjórnir samstarfsfélaga í hinum ýmsu löndum sem oftast, og fulltrúa þeirra amk. einu sinni á ári. Kostnaður við að fá hana til landsins er að vísu meiri en ef við hittum hana í einhverju nágrannalandi, en við því er ekkert að segja enda komin þrjú ár síðan Chandana kom hingað í fyrsta og eina skiptið.

**OPIÐ HÚS verður með Chandana þar sem hún óskar eftir að hitta "börnin sín".**

**Við vonumst til að halda opna húsið í indverska veitingahúsinu Taj Mahal, Hverfisgötu 56, einhvern eftirmiðdag í næstu viku.**

Tími og staðsetning fundarins verður lesið á símsvarann okkar um leið og hægt er.

Við hvetjum allar fjölskyldur indverskra barna til að mæta og sýna Chandana þannig vinarhug sinn. Einnig eru hjón á biðlista velkomin, það er eflaust forvitnilegt fyrir þau að sjá börnin og gaman að kynna fólk sem þegar hefur farið og ættleitt.

Veitingar verða seldar.

**Við biðjum ykkur að afsaka þennan stutta fyrirvara sem er af óviðráðanlegum ástæðum.**

Skrifstofan gæti orðið að mestu lokuð þessa viku vegna anna.

**FRJÁLS FRAMLÖG ÓSKAST vegna kostnaðar við komu C.B.** Þeir sem eru aflögufærir og hafa ættleitt eða vonast eftir ættleiðingu í Indlandi eru beðnir að skreppa í bankann og leggja sitt af mörkum á reikning félagsins no 407234 í Íslandsbanka, Lækjargötu.

**AÐRAR FRÉTTIR FRÁ INDLANDI** eru þær að fyrstu tvö börnin á árinu eru væntanleg heim til Íslands í september. Pappírar fyrir eitt að auki eru á leiðinni. Búið er að skrifa nokkur bréf til fólks sem Ingibjörg hitti á þinginu í Delhi og óska eftir samstarfi og vonumst við eftir jákvæðum viðbrögðum.

## FORELDRAR ÓSKAST !

Við höfum verið beðin að finna foreldra fyrir Hasib, 12 ára strákur sem hefur verið á vegum Chandana í heimavistarskóla í Calcutta síðastliðin 3 ár. Heitasta ósk hans er að eignast fjölskyldu. Nokkrir Íslendingar hafa hitt hann á barnaheimilinu og litist mjög vel á hann. Hasib á raunalega sögu, hann bjó hjá foreldrum sínum í Delhi, en þau skildu, gáfu 2 yngri börn sín og hurfu svo. Hasib fannst nálægt Calcutta og honum var komið á barnaheimili Chandana. Síðan var leitað að fjölskyldu hans eins og lög í Indlandi gera ráð fyrir. Amma hans fannst að lokum í Delhi en hún er komin út úr heiminum vegna elli og getur ekki hugsað um drenginn. Því fékk Chandana umráðarétt yfir honum og má gefa hann til ættleiðingar ef heppileg fjölskylda finnst. Við leitum að hjartahlýju fólk sem getur gefið Hasib mikla umhyggju og mikinn tíma. Strákurinn er fallegur, skynsamur en lítil eftir aldri og virkar

líka lítill í sér. Við höldum að hann tali svolitla ensku, en biðum eftir nánari upplýsingum um hann. Dómsmálaráðuneytið hefur ekkert á móti komu Hasibs til foreldra á Íslandi ef heppileg fjölskylda finnst. Þeir sem vilja taka Hasib að sér þurfa ekki að vera í félaginu og mættu vera eldri en reglur segja um kjörforeldra ungbarna. Ef þú hefur áhuga, eða þekkir einhvern sem vildi eignast stálpað barn, þá hafðu samband við skrifstofuna eða einhvern stjórnarmanna hið allra fyrsta. Við munum halda kostnaði í lágmarki og aðstoða væntanlega foreldra Hasib eins og okkur er mögulegt. Áhugasamir geta hitt C.B. og rætt málið ef þeir vilja.

**FRÁ THAILANDI** höfum við ekki fengið bréf, en í símtali í byrjun ágúst sagði Mrs. Atchara, félagsráðgjafi sem sér um íslenskar umsóknir, að fyrstu íslensku hjónin væru komin á thailenska biðlistann, eftir að umsókn þeirra var skoðuð og samþykkt. Næstu tvenn hjón eru í athugun og fleiri á leiðinni. Allir pappírar eru góðir að dómi félagsráðgjafans og Ísland má senda fleiri umsóknir. Thailenska kerfið er mjög þungt í vöfum og fyrstu börn ekki væntanleg fyrr en á næsta ári.

**RÚMENÍA.** Þar eiga tvenn hjón umsókn. Í símtali við ættleiðingarnefndina í Bukarest var sagt að félagið Íslensk Ættleiðing væri umboðsaðili Rúmönsku nefndarinnar, en bréf sem staðfestir þetta hefur ekki borist. Kona sú sem sjá mun um umsóknir íslendinga er í sumarfrí svo ekki er frétt að vænta fyrr en í septemberlok. Við höfum frétt að ættleiðingar rúmenskra barna til Svíþjóðar séu í deiglu, en engin börn hafa komið til félagsins í Gautaborg ennþá.

Í Kolombíu eiga nokkur íslensk hjón umsóknir. Gaman væri að fréttu frá þeim hvernig gengur. Fljótlega eftir að fólk skrifar þangað og kynnir sig fær það svar um hvort það á möguleika, en síðan er biðtími langur, kannski svipað og í Thailandi. Fyrir nokkrum árum kvörtuðu Kolombíumenn yfir að íslendingar vildu eingöngu ættleiða mjög ung börn, engar umsóknir bærust um eldri börn. Kannski er þetta ástæða þess hve hægt gengur að fá börn til Íslands.

Við erum alltaf að leita fréttu af ættleiðingum frá fleiri löndum, en mjög virðast þær vera erfiðar og kostnaðarsamar á sumum stöðum. Gaman væri ef opnaðist aftur til Sri Lanka, Kína var að gefa fyrstu börnin til útlendinga, Vietnam einnig, og svo er ýmislegt að gerast í fyrrum Sovétríkjunum og öðrum löndum á þeim slóðum. Börnin frá síðastnefndu eru mörg 4 - 5 ára. Hafi einhverjir áhuga á að reyna ættleiðingu frá austantjaldslöndum og eru ekki bundnir við ungabarn, þá væri gaman að heyra í þeim.

**ÚTILEGAN** okkar tókst vel, menn voru hresir þrátt fyrir leiðinlegt veður á köflum. Fámennt var þó og vantaði alla Akureyringa og Húsvíkinga og var þeirra sárt saknað. Getur verið að norðanmenn nenni bara að mæta í útilegur þegar þær eru haldnar í þeirra landshluta? Indverskir munir voru seldir á sanngjörnu verði í útilegunni og seldist flest. Okkur finnst þetta heldur skemmtilegri fjáröflun en að biðja um peninga án þess að fólk fái eitthvað í staðinn. Einnig seldum við boli með merki félagsins, þe. hjartanu með mynd af barni inni í. Bolirnir eru hvítir, stuttermá, og seldir á 1000 krónur. Hægt er að panta boli í 2 vikur eftir útkomu fréttabréfsins, hafi einhverjir áhuga. Skrifstofan mun taka við pöntunum.

Við fáum stundum áhugaverðar upplýsingar frá ættleiðingarfélaginu á Norðurlöndunum. Á síðasta ári komu 268 börn, frá sextán löndum, til Adoptionsforum í Oslo. Norðmenn fengu fyrstu börnin frá Kína, Póllandi, Vietnam og Ethiopíu. Kostnaður í Noregi kom okkur hér mjög á óvart, umsækjendur þurfa að borga Nkr. 37.000,00 (Ísk 350.000,00) sama frá hvaða landi barnið er ættleitt og allan ferðakostnað að auki. Kostnaður vegna fylgdarmanns er Nkr. 21.000,00 (Ísk. 198.000,00). Þó fær Adoptionsforum styrk frá Norska ríkinu sem er Nkr. 600.000,00 (Ísk.5.682.000) árlega.

Með kveðju. **STJÓRNIN**